



Formannfundur LH
30. október 2021 kl. 10.00
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Formaður býður fólk velkomið á fundinn og tilnefndi fundarstjóra Marteín Magnússon og fundarritara Berglind Karlsdóttur.

1. Skýrsla stjórnar – Guðni Halldórsson, formaður
<https://www.lhhestar.is/static/files/Formannfundir/form2021/skyrsla-stjornar-2021.pdf>
 - Ný stjórn var kjörin á landsþingi 2020, haldnir hafa verið 17 stjórnarfundir og tvær vinnuhelgar.
 - Stöðugildi á skrifstofu eru tvö.
 - Skýrslur nefnda eru aðgengilegar á vefsvæði formannafundar.
 - FEIF þing var haldið rafrænt í febrúar. Gerð var skoðanakönnun um framkvæmd HM og í kjölfarið skipaður starfshópur um framtíð HM sem formaður á sæti í.
 - Samstarf Norðurlanda - NIHC fundar reglulega og áveðið var að Norðurlandamót 2022 verði haldið í Álandseyjum á spennandi móttsvæði sem þar er.
 - HOI – Samningur við ríkið var endurnýjaður til áramóta. LH og HOI áttu í samstarfi varðandi Samgöngusáttmálann og Þolreið LH.
 - Samgöngusáttmáli - Sáttmáli milli hestafólks og annarra vegfarenda um umferðaröryggi var undirritaður í Félagsheimili Fáks í Víðidal 8. maí 2021, og gerð var fræðslumynd um viðbragð hestsins við áreiti, í samstarfi LH, HOI og Samgöngustofu.
 - Þolreið LH – Keppnin var haldin sem eins konar pufureið til að fá reynslu á keppnisgreinina og til að gera kynningarefni.
 - Reiðvegamála – Á vordögum var veitt aukafjárveiting til reiðvegamála árin 2021 og 2022 og samþykkt var að endurnýja samning milli Vegagerðarinnar og LH um sameiginlegan skilning á reiðvegum. Unnið var að endurskoðun Reiðvegahandbókar.
 - Skógarhólar – Á hverju ári er unnið að endurbótum á húsinu, í sumar var steipt gólf í veislusal og herbergi, gegnið frá þakkanti ásamt almennu viðhaldi á staðnum. Ný vatnsdæla var sett í borholu í lok sumars. Rekstur staðarins hefur verið færður yfir á eignarhaldsfélag í eigu LH, Skógarhóla ehf.
 - Mótahald – Glæsilegt Íslandsmót á Hólum, nýir farandbikarar voru gefnir af Hestamannfélögum og nokkrum einkaaðilum. Glæsilegt Íslandsmót barna og unglunga var haldið hjá Sörla. Ein umsókn barst um hvort Íslandsmót 2022, Geysir sótti um Íslandsmót fullorðinna og ungmenna, Borgfirðingur sótti um Íslandsmót barna og unglunga. Í vinnuhópi formanna seinna á fundinum verður rætt um mótahald í víðu samhengi.
 - Jöfnun á ferðakostnaði dómara. Ákveðið hefur verið að auglýsa í lok árs eftir umsóknum um styrk til jöfnunar á ferðakostnaði dómara vegna mótahalds á árinu 2021.
 - Gæðingakeppni – Skipaður var starfshópur um útbreiðslu og eflingu gæðingakeppni og starfshópur um Íslandsmót í gæðingakeppni sem mun skila tillögu fyrir landsþing.
 - Afreksmál – Þrjú afrekshópar eru starfandi, A-landslíð, U21-landslíð og Hæfileikamótun LH. Unnið er að stefnumótun í afreksmálum.
 - Menntunarráðstefna LH – Menntanefnd LH stóð fyrir ráðstefnu til endurmenntunar reiðkennara, með fjórum heimspekkum fyrirlesurum. Þátttakendur eru um 250 um allan heim.



- Viðbrögð við áreiti og ofbeldi innan ípróttthreyfingarinnar - ÍSí hefur hafið markvissa vinnu við að ná betur utan um þessi mál og mun LH fylgja ÍSí að málum í þessu og treysta því að sú vinna muni skila okkur skýrari línunum um það hvernig taka skuli á þeim málum þegar þau koma upp.
- Gullmerkishafar LH – Á Fjórðungsmóti Vesturlands var fjórum heiðursmönnum veitt gullmerki, það voru þeir Benedikt Línal, Kristján Gíslason, Marteinn Valdimarsson og Þórir Ísólsson.
- Lokaorð - Heilt yfir má segja að starfsemi LH hafi gegnið vel. Fjárhagur LH er sterkur og staða þess góð. Við stöndum þó frammi fyrir mörgum áskorunum og á mörgum sviðum má enn slá í klárinn, hestamenskunni til heilla. Verkefnalistinn er langur og krefjandi en samstillt stjórn, öflugir starfsmenn og fulltrúar í nefndum ásamt forvígismönnum hestamannafélaganna í landinu geta áorkað miklu og komið enn stærri hlutum til leiðar.

Formaður talaði frá eigin brjósti að lokinni skýrslu. Lýsti reynslu sinni af fyrsta árinu sem formaður sambandsins. Hafði ekki órað fyrir hvað starfsemin er umfangsmikil, hefur aðkomu að, eða situr í 14 starfshópum og nefndum auk stjórnar. Er sáttur við margt sem gert hefur verið á árinu, en er einnig ósáttur við að mörg mál hafa ekki unnist hratt. Neikvæð og lítið uppbyggjandi mál hafa tekið of mikinn tíma og orku. Mörg verkefni standa fyrir dyrum sem þarf að taka föstum tókum; mál sem snúa að áreiti og ofbeldi, skipulag dómaramála til framtíðar, samstarf við FEIF, hefði viljað auka samskipti við hestamannafélaögin og helst heimsækja þau öll, þolreiðarverkefnið, samskipti við stjórnvöld, sveitastjórnir, sveitastjórnarkosningar eru í vor og formaður og stjórn þarf að tala máli hestamanna, öryggismálin, nýliðunar- og kynningarmál, tenging við menntakerfið, endurskoðun laga og regluverks LH. Mikilvægt er að þora að spyrja krítískra spurninga, taka erfiðar ákvarðanir og standa og falla með þeim, vill fremur standa með og vera dæmdur af verkum og ákvörðunum sínum en verkleysi. Hyggst á næstu vikum endurskoða verklag og vinnuferli formanns, stjórnar og skrifstofu með það fyrir augum að mál geti unnist hraðar og af meiri fókusi.

Stjórn LH þakkar ánægulegt samstarf og horfir björtum augum til framtíðar.

2. Ársreikningur 2020 og 8 mánaða uppgjör 2021 – Hákon Hákonarson gjaldkeri LH
Hákon Hákonarson fór yfir ársreikning 2020 og 8 mánaða árshlutauppgjör 2021. Reikningar voru aðeins til kynningar en verða lagðir fyrir Landsþing 2022 til samþykktar. Tekin var ákvörðun að niðurfæra kröfur LH í Landsmóti hestamanna ehf. og Eiðfæxa, samtals um 18.500.000 kr. Rekstrarhagnaður ársins 2020 var 5.541.185 kr. en afkoma ársins var -12.969.491.
3. Endurskoðuð rekstraráætlun 2021 og 2022 – Hákon Hákonarson gjaldkeri LH
Hákon Hákonarson kynnti uppfærða fjárhagsáætlun 2021 og 2022.

Umræður undir dagskrárliðnum skýrsla stjórnar og reikningar LH:

Ólafur Þórisson formaður Hestamannafélagsins Geysis kvað sér hljóðs.

- Spyr hvort Hjörný Snorradóttir sé ekki lengur starfsmaður LH.
- Gerir athugasemdir við fundargerðir stjórnar, saknar þess að fylgiskjöl séu ekki birt með fundargerðum, þau varpa betra ljósi á það sem sendur í fundargerðum.



- Um Skógarhóla, á síðasta þingi var samþykkt að setja fjárframlag til Skógarhóla ár hvert, en fyrst reksturinn er kominn í sérstakt félag og ekki lengur í reikningum LH væri gott að sjá uppgjör á því félagi.
- Verðmat á LM ehf., væri gott að fá skriflegt hvers vegna verðmat er lækkað um 18 milljónir.
- Íslandsmót fullorðinna fékk styrk, væri gott að vita hvað það var.
- Annar skrifstofukostnaður hefur hækkað mikið milli ára í reikningum.
- Samningur við mótshaldara og ferðakostnaður
- Varðandi fjárhagsáætlun, er þetta mikil breyting frá ááætlun sem var samþykkt á síðasta Landþingi?

Anna Kristín spyr hver tók við Hæfileikamótun LH.

Guðni tók til máls:

- Um fundargerðir, tekur það til greina og beinir því til framkvæmdastjóra að bæta úr.
- Sigvaldi Lárus Guðmundsson er yfirþjálfari hæfileikamótunar, mun koma að kennslu allra hópa til að ná betri yfirsýn yfir hópinn.
- Styrkur til Íslandsmóts var vegna krafna sem LH setti á mótshaldara, t.d. að hafa gæðingafimi sem sýningargrein, sýningarréttur til Alendis, ljósmyndataka og fjölmiðlafulltrúi á mótssstað.

Stefán Logi Haraldsson, varaformaður tók til máls

- Hjörný Snorradóttir verkefnastjóri á skrifstofu hefur verið í veikindaleyfi frá því í sumar, vonandi mun hún snúa til baka þegar hún hefur heilsu til. Aníta Aradóttir var ráðin sem sumarstarfsmaður í gegnum Vinnumálastofnun en hún fékk fastráðningu í október.
- Um LM ehf., var mikið rætt á síðasta landsþingi, þar sem hluti fjárhagsnefndar þingsins vildi fella ársreikningana vegna ofverðmats á LM. Því var ákveðið að setjast yfir þetta og tekin ákvörðun um að krafan yrði færð niður, jafnframt var ákveðið að breyta hluta af kröfunni í hlutafé. Sama þurfa meðeigendurnir að gera, Félag hrossabænda.

Hákon Hákonarson, gjaldkeri tók til máls

- Um LM ehf., það var mat manna að tekjur LM væri óvissuþáttur, og langt í að þær myndu skila sér, á næstu þremur landsmótum. Í útskýringu með ársreikningi 2020 segir: „Stjórn samtakanna ákvað að niðurfæra hlutafjáreign og langtímakröfur um kr. 18.000.000 til þess að mæta hugsanlegu ofmati eignanna. Ekki er um endanlega niðurfærslu að ræða heldur er hér um að ræða varfærnisniðurfærslu“. Ekki er verið að tala um afskriftir, heldur varfærnisniðurfærsla sem hægt er að breyta ef við sjáum fram á að tekjur verði meiri en þær líta út fyrir í dag.
- Fjárhagsáætlun er í samræmi við þá áætlun sem var samþykkt á síðasta Landsþingi.
- Kostnaður vegna Íslandsmóts var vegna samnings við mótshaldara um útsendingu frá mótinu, ljósmyndir og fleira.
- Skógarhólar er virðisaukaskyld starfsemi, og eðlilegt að reksturinn sé í félagi sem skilar virðisaukaskatti, hefur verið stefna LH að standa undir rekstri Skógarhóla og ef tap verður á þeirri starfsemi mun LH leggja til styrk eins og áður.

Halldór Victorsson formaður HÍDÍ tók til máls:



- Óskar eftir að fá að fylgjast með um hvernig ætlunin er að dómaramálin þróist og hvernig jöfnunarsjóður er hugsaður.

Guðni Halldórsson, formaður tók til máls

- Á von á að þessi vinna verði mest undir dómara nefnd LH, sem hann sér fyrir sér að verði stækkuð og útvíkkuð og ná betur utan um þessi mál, en dómarafélögin verði í lykilhlutverki.

Ólafur tók aftur til máls:

- Fékk ekki svör um hækkun á öðrum skrifstofukostnaði.
- Styrkur til Íslandsmóts, hvað með Íslandsmót yngri flokka og er þetta styrkur sem er kominn til að vera og fylgir Íslandsmótum hér eftir?

Berglind Karlsdóttir, framkvæmdastjóri tók til máls

Hækkun á rekstrarkostnaði skrifstofu er til kominn vegna minna umfangs afreksmála LH vegna Covid, sem hafa staðið undir hluta af rekstrarkostnaði skrifstofu.

Guðni tók til máls:

Telur ekki ólíklegt að stuðningur LH við Íslandsmótin sé kominn til að vera, skilst það hafi verið erfiðara að standa undir kostnaði við Íslandsmót fullorðinna en barna. Samningur var gerður við mótshaldara í Skagafirði þar sem þeir undirgengust vissar skyldur, svo sem myndefni og sýnileika styrktaraðila. Ekki óeðlilegt að gert sé gagnvirkt samkomulag þar sem mótshaldarar skili vissum hlutum og LH styðji við á móti.

Hákon tók til máls:

Greindi frá breytingum á fyrirkomulagi á greiðslu reikninga og bókhalds. Greiðsla reikninga er í höndum framkvæmdastjóra, óvenjulegur kostnaður fer til gjaldkera til samþykktar og bókhald er í höndum verktaka. Löggiltur endurskoðandi fenginn til að gera ársreikninga, eins og kveður á um í lögum LH.

Hjörtur Bergstað formaður Fáks tók til máls:

Áður fyrr voru styrkir til verðlauna á báðum Íslandsmótum. Finnst að LH eigi að standa við bakið á þessum mótum og ekki eigi að mismuna þeim.

4. Yfirferð þingskjala frá landsþingi 2020 – Stefán Logi Harldsson, varaformaður LH

Þingskjöl númer 3, 4, 6, 8, 9, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 18

Breytingar sem færðar hafa verið inn í lög og reglur LH

Þingskjal nr. 5

Reglur um gæðingafimi LH samþykktar til reynslu í 2 ár

Þingskjal nr. 21

62. landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, skorar á BÍ og FEIF að fara yfir reglur og verklag við skráningu á nöfnum hrossa í WorldFeng, með það að leiðarljósi að hesteigendum séu ekki settar óþarflega þröngar skorður í nafngiftum og einfalt sé að fá ný nöfn skráð.



Bréf sent til FEIF og BÍ 25. janúar 2021

Þingskjal nr. 22

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, felur stjórn landssambandsins að hefja þegar í stað vinnu við eftirfarandi:

1. stefnumótun, með það að leiðarljósi að auka nýliðun í hestamennsku á landinu öllu;
2. mótun aðgerðaráætlunar til að auka nýliðun sem kynnt skal aðildarfélögum LH innan árs, þannig að hún geti gagnast aðildarfélögum;
3. stefnumótun, með það að leiðarljósi að æfingar og námskeið barna og ungmenna í hestaíþróttum færast nær því sem þekkist í öðrum íþróttum, þ.e.a.s. reglulegar æfingar yfir allan veturinn sem hefjast að hausti og nái til vors.

Vísað til framkvæmdar hjá stjórn LH

Stjórn hefur m.a. sett af stað verkefni um nýliðun og ásýndarmál sem svarar lið 1 og 2.

Æskulýðsnefnd hefur verið falið að taka saman upplýsingar um hvernig reglubundnum æfingum er háttað hjá hestamannfélögum.

Ályktun Landsþings 2020

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 27. og 28. nóvember 2020 beinir því til stjórnar LH að styðja við faghóp um umferðaröryggi hestamanna með fjárstuðningi og öðrum þeim stuðningi sem til þarf til að áætlanir faghópsins verði að veruleika.

Samgöngusáttmáli undirritaður í maí 2021 og myndband um umferðaröryggi hestamanna gefið út.

Ályktun Landsþings 2020

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 27. og 28. nóvember 2020 hvetur stjórn LH til að beita sér fyrir því að sektarákvæði verði að finna í umferðarlögum um hjólreiðar á skilgreindum reiðvegum sem eru merktir sem slíkir.

Stjórn vísaði ályktuninni til Ferða- og öryggisnefndar LH.

Ályktun Landsþings 2020

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 27. og 28. nóvember 2020. Skorar á Vegagerðina og Samtök sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu og um allt land að standa vörð um einstakan lifandi menningararf sem reiðleiðir í þétt-og dreifbýli eru og vinna að viðgangi þeirra og öryggi hestamanna. Að sveitafélög setji aukið fé í viðhald og framkvæmd reiðleiða ásamt því að koma að gerð hönnunarleiðbeininga um framkvæmd þeirra ekki síst í þéttbýli. Áskorunina mætt gjarnan senda á hvert sveitafélag líka.

Áskorunin send til Vegagerðarinnar, Samtaka íslenskra sveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 25. janúar 2021.

5. Könnun um styrki sveitarfélaga – Hákon Hákonarson / Gréta V. Guðmundsdóttir

Hákon fór yfir tilganginn með könnuninni og helstu niðurstöður. Skýrsla verður tekin saman um könnunina og send á félögin.

8. Kynningarmál LH – Gréta V. Guðmundsdóttir

Gréta kynnti kynningarátak með það að markmiði að gera hinn almenna hestamann sýnilegri. Til stendur að heimsækja hinn almenna hestamann í aðildarfélögum LH, grasrótina.



Hestamenn eru fjölbreyttur hópur sem stundar hestamennsku á ólíkum forsendum.

Úr hverri heimsókn verða birtar 3-4 myndir og stuttur texti, örsögur um hvern og einn, sem verður sett í birtingu á samfélagsmiðlum.

Með þessu verða hestamenn sýnilegri og með sterkari rödd og auðveldar hestamönnum að koma á framfæri til annarra hópa málum er varða hestamennsku, svo sem öryggismál, skipulagsmál, nýliðun og fleira og auka almennan skilning annarra á um hvað hestamennska snýst.

9. Polreið LH – Aníta Aradóttir

Aníta sagði frá fyrstu Polreið LH sem haldin var í lok ágúst og frumsýndi kynningarmyndband um polreiðina.

10. Gullmerki LH

Lárusi Ástmari Hannessyni, formanni LH 2014-2020, var veitt gullmerki LH.

Hlé

11. Hestamannafélagið Sleipnir, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir veitti formanni Sleipnis, Sigríði Magneu Björgvinsdóttur viðurkenningu f.h. ÍSÍ.

12. Áreitni og ofbeldi í íþróttum

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir kynnti vinnu þriggja starfshópa við að búa til verklag varðandi áreitni og ofbeldi í íþróttum. Skýrsla umbótahóps sem skipaður var sérstaklega vegna KSÍ verður birt eftir helgi. Í henni verða tillögur sem geta fært okkur verkfæri.

Samskiptaráðgjafinn stýrir starfshópi sem er að samræma verkferla, snemma á nýju ári verða komnir samræmdir verkferlar í íþróttu og æskulýðsstarfi.

Þriðji hópurinn fékk það hlutverk að setja viðmið. Hvað telst tilkynning og hvað megum við gera? Á fólk afturkvæmt? Hversu alvarlegt þarf brotið að vera til að vera vísað frá?

Hópur skilar af sér í ársbyrjun. Fyrir 1. mars verða gefnar út af ÍSÍ leiðbeinandi reglur.

13. Æskulýðsbikar 2021

Æskulýðsbikar 2021 hlýtur Hestamannafélagið Sleipnir. Guðrún Linda Björgvinsdóttir formaður æskulýðsnefndar Sleipnis veitti æskulýðsbikar LH viðtöku.

10. Mótanefnd – Ómar Ingi Ómarsson/Sóley Margeirsdóttir

Nefndin er með handbók í smíðum fyrir mótshaldara og hyggjast skila henni af sér fyrir vorið.

Farið var yfir hvernig mót er búið til mót í Sportfeng, og hvernig skal skila mótsskýrslu á réttan hátt.

11. Slysaskráning á vef LH – Claudia Schenk formaður ferða- og öryggisnefndar LH

Claudia kynnti slysaskráningarflipa á vef LH. Ferða- og öryggisnefnd mun taka tilkynningar um slys til umfjöllunar og meta hvernig koma megi í veg fyrir frekari slys.

12. Reiðveganefnd – Hákon Hákonarson formaður reiðveganefndar LH



Hákon fór yfir helstu atriði í reiðvegamállum og greindi frá því að verið er að vinna að nýju samkomulagi milli Vegagerðarinnar og LH um reiðvegamál.

13. Umræðuhópar

Fundinum var skipt upp í þrjá umræðuhópa; formenn í umræðuhóp um mótamál, gjaldkerar í umræðuhóp um stuðning sveitarfélaga, æskulýðsfulltrúar í umræðuhóp um hestamennsku í barna- og framhaldsskólum.

Niðurstöður umræðu formanna um mótamál:

Guðni Halldórsson formaður greindi frá niðurstöðu umræðna úr hópi formanna. Rætt var um mótamál í stóru samhengi og framtíð stórmóta. Rætt var hvort breyta eigi formi á Landsmóti, fækka keppendum eða styðjast meira við stöðulista. Umræða var um hvort beinar útsendingar frá mótum hafi neikvæð áhrif á áhorfendafjölda á mótum. Rætt um hvort stórmótin eigi að vera á 3ja ára fresti. Ákveðið að formenn myndu hittast á vinnufundi og ræða þessi mál til hlítar.

Niðurstöður umræðu gjaldkera um stuðning sveitarfélaga

Hákon Hákonarson greindi frá umræðum gjaldkera. Fundurinn var sammála um að hestamenn séu alla jafna hógværi í sínum kröfum en önnur íþróttafélög og hver í sínu horni, ekki alltaf að hugsa um heildina, þar þarf að bæta úr. Könnun sem gerð var meðal hestamannafélaga í sumar og stjórn mun skila skýrslu með niðurstöðum könnunarinnar fyrir áramót. Sveitastjórnarkosningar eru næsta vor og gott að hafa í huga að stundum meiri hlustun þegar kosningar eru framundan. Reiðvegafé er úthlutað til félaga til framkvæmda, svæðisstjóri tekur verkið út og reikningur er sendur á Vegagerðina. Framtíðarsýnin er að reiðvegafé renni til LH og LH veiti því til hestamannafélaganna.

Niðurstöður umræðu æskulýðsfulltrúa

Eggert Hjartarson greindi frá umræðum æskulýðsfulltrúa. Rætt var um félagshesthús hvernig þau eru rekin og uppbyggð, hvað væri hægt að gera til að fá meiri þátttöku krakka í hestamennsku. Mikli umræða varð um að æskulýðsnefndir félaganna þurfi að auka samstarf sín á milli. Öll félög eru að vinna að sama markmiði að bæta æskulýðsstarf og sjálfsagt að deila upplýsingum. Rætt var um að hvetja hestamenn til að taka krakka í fóstur, bjóða þeim með sér í hesthúsið og opna þannig leið inn í hestamennsku. Mikilvægt er að halda gleðinni í hestamennsku hjá börnum, hafa fjölbreytta möguleika og hafa leiki í hestamennsku, börn hafa þörf fyrir að vera skapandi og hafa gaman.

14. Önnur mál

Ólafur Þórisson, formaður Hestamannsfélagsins Geysis:

Spyr hvað á að gera varðandi valdleysi stjórnar til að taka á málum sem upp koma sbr. brot á keppnisreglum og dóm sem féllu sl. ár hjá Dómstóli ÍSÍ.

Varðandi umræðu um hvernig skuli taka á ofbeldis- og kynferðisbrotum, hvernig á að velja í landslið þar sem reglur ÍSÍ um þessi mál liggja ekki fyrir.

Guðni Halldórsson, formaður LH:

Samningur landsliðsþjálfara er laus og hjá landsliðsnefnd er í gangi stefnumótunarvinna um m.a. hvað felst í starfi landsliðsþjálfara. Nýtt landslið verður ekki valið fyrr en að lokinni þeirri vinnu.

Valdleysi stjórnar til að taka á málum sem upp koma endurspeglar brotalamir í regluverkinu en laganefnd er með í gangi heildarendurskoðun á lögum og reglum LH sem verður lagt fyrir næsta þing.



Sverrir Einarsson, formaður Hestamannafélagsins Spretts:

Vill þakka stjórn fyrir þá vinnu sem hefur verið unnin. Margt gott í gangi sem gerir okkur að öflugri íþróttahreyfingu.

Margrét Dögg Halldórsdóttir, formaður Hestamannafélagsins Harðar

Kveður sér hljóðs vegna þeirrar umræðu sem er í gangi vegna ofbeldis- og kynferðisbrota. Félögin bíða eftir þeim verkfærum sem koma frá ÍSÍ og LH. Verðum að horfa fram á veginn hvernig við ætlum að taka á þessum málum, umræðan er að breytast hratt, þolinmæðin er engin og við hestamenn verðum að marka okkur stefnu og standa saman.

Jón Þorberg Steindórsson, formaður GDLH

Tekur undir orð Ólafs um brot á keppnisreglum, fagnar því ef stjórn verði veitt heimild til að taka á þeim atvikum sem upp koma á mótum.

Guðni Halldórsson, formaður LH þakkar fyrir góðan fund, málefnalegan og skilvirkan og slítur fundi kl. 15.45.